

KJÓAVELLIR

HESTHÚSABYGGÐ OG ÍPRÓTTALEIKVANGUR

FUNDARGERÐ HÖNNUNARFUNDAR

VERKNÚMER: 08375-V002 DAGS.: 2012-08-113
VERKÞÁTTUR: Útisvæði hönnun og alútböð á reiðskemmu NR.: 3
FUNDARSTAÐUR: Aðstaða Gusts að Gláðheimum
FUNDARTÍMI: 17:00 til 19:00

	FYRIRTÆKI / STAÐA:	NETFANG:	SÍMI:
Guðmundur Hagalínsson	Kjóavellir/meðstjórnandi	GHL@eimskip.is	
Halldór Halldórsson	Kjóavellir/meðstjórnandi	bilamalunh@simnet.is	
Þorvaldur Sigurðsson	Kjóavellir/meðstjórnandi	valdi@inter.is	
Ingibjörg Guðrún Geirsdóttir	Kjóavellir/meðstjórnandi	straumver@gmail.com	
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Kjóavellir/stjórn.formaður	sveinbjorn@logkop.is	892 2804
Hermann Ingi Vilmundarson	Kjóavellir/meðstjórnandi	hermann@frostmark.is	894 4546
Sveinn Ívarsson	Sveinn Ívarsson/Arkitekt	ivarsson@islandia.is	893 9006
Kristján Andrésson	LH/mannvirkjanefnd	ka@verkis.is	822 6199
Guðni Eiríksson	Verkís/Verkefnisstjóri	ge@verkis.is	824 6307

AFRIT SENT: Fundarmönnum

DAGSKRÁ

1. Fundarefni 1

Landformun á nýju svæði innan Kjóavalla og vinna á því svæði.

- 1.1 Breyttar teikningar af landformun Kjóavalla í samræmi við tillögur hestamanna bárust 4 ágúst og hefur verið unnið eftir þeim að hluta til síðan. Í ljós hefur komið að við útvíkkun skeifunnar ganga áhorfendabrekkur talsvert lengra inní hlíðar svæðisins en gert var ráð fyrir sérstaklega þar sem halli áhorfendabrekka hefur verið minnkaður niður í 1:4. Vatnslögn sem gengur til Garðabæjar, 400 mm PEH, er ma. í uppnámi vegna þessa en hún kemur upp úr brekkunni að sunnanverðu miðað við þetta módel. Guðni og Ari munu halda fund á staðnum með fulltrúum Kópavogsbæjar annarsvegar og fulltrúa Landforms hinsvegar.
- 1.2 Kristján Andrésson benti á að huga þyrfti að aðkomu sjúkrabíla að svæðinu, sérstaklega þegar um stærri viðburði er að ræða. Ekki er hægt að nota reiðstíga né göngustíga til þessa þar sem það má ekki vera í verkahring sjúkraflutningamanna að reka hross né fólk að þessum sérleiðum. Halda þarf fund með slökkviliði vegna þessa.
- 1.3 Rætt var um hugsanlegar staðsetningar á dómarastúkum, stjórnstöð og öðrum mannvirkjum sem koma þarf fyrir á svæðinu. Fram kom að gert er ráð fyrir einni rotþró í samningi við Loftorku, sem er hugsuð fyrir mörg WC. Rotþró verði tæmd að næturlagi þegar um stærri viðburði er að ræða á svæðinu. Gott væri að fá tillögur mannvirkjanefndar Landsambands Hestamanna um staðsetningar nauðsynlegum mannvirkjum.

- 1.4 Rætt var um lýsingu, en í samningi við Loftorku er ekki gert ráð fyrir uppsetningu ljósastaura, aðeins gert ráð fyrir ídráttarrörum fyrir lagnir. Huga þarf að útfærslu og gerð lýsingar. Hugsanlegt að nota brotliðstaura sem hægt væri að taka niður á sumrin. Hinsvegar eiga félagin ljósastaura sem hugsanlega væri hægt að nota. Einnig þarf að skoða með lága lýsingu sambærilegt við það sem Andvari notar á sínum skeiðvelli á skeiðmótum að hausti til. Lögð áhersla á að huga þurfi að lagnaleiðum svo ekki þurfi að leggja lagnir síðar með tilheyrandi raski og skemmdum. Með lagnaleiðum/lögnum, er átt við ljósastrengi, strengi fyrir fjarskipti, kallkerfi og hljóðkerfi vatn og frárennsli svo nokkuð sé nefnt.
- 1.5 Rætt var um yfirborðsefni valla, en hugsað er að notaður verði vikur í það. Vökvun yfirborðsefnis verð framkvæmd með úðakerfi sem tengt verði við tvo „brunahana“ á svæðinu eða sambærilega loka.
- 1.6 Rætt um gamalt hermannafrá stríðsárunum. Við breytingu á deiliskipulaginu kemur þetta mannvirki einn meira uppúr áhorfendabrekkunum og er nánast allt komið uppúr. Skoða verður nánar hvað gera skuli við þetta gamla mannvirki, sem er að hruni komið, þegar búið er að endurskoða hæðarsetningar eftir fund á morgun.
- 1.7 Rætt um að kalla fleiri aðila að hönnun svæðisins, þ.e. að fá skoðun aðila eins og Dómarafélags og Félags tamningamanna svo nokkuð sé nefnt. Sveinbjörn sér um að senda teikningar á þessa aðila og að boða þá til næsta fundar eða allavega að fá þeirra umsögn um Kjóavallasvæðið.
- 1.8 Rætt var um grjótsvelg í NV horni sem leiða á yfirborðsvatn í. Við nánari skoðun kemur í ljós að hann er alsendis ófullnægjandi þar sem lítil sem engin lekt virðist vera í sprungunni sem hann er staðsettur í. Loftorka hefur hreinsað efni upp úr honum þar sem efni var vart fullnægjandi. Þá var gerð tilraun með að dæla 9000 l af vatni í sprunguna síðastliðinn föstudag, en nánast ekkert síaðist niður. GE er búinn að gera Kópavogsbæ viðvart um þetta, en bærinn lét útbúa þennan svelg á sínum tíma. GE og Ari eru að vinna í því að fá fulltrúa bæjarins til að skoða svelginn/ sprunguna á staðnum svo grípa megi til nauðsynlegra ráðstafana, en kostnaður er alfarið Kópavogsbæjar.
- 1.9 Ákveðið að halda framhaldsfund í næstu viku um skipulag og hönnun svæðisins, en Halldór mun senda út fundarboð. Þar mæti einnig fulltrúar Mannvirkjanefndar LH, Dómarafélags, Tamningamanna og fleiri ef þurfa þykir.

2 Fundarefni 2

Breyttar teikningar af reiðskemmu og alútböð í samræmi við það.

- 2.1 Sveinn Ívarsson arkitekt hefur að undanfögnu unnið að breytingum á teikningum af reiðskemmu með það að markmiði að hægt verði að koma fyrir 3 æfingavöllum í húsinu. Á síðasta fundi var ákveðið að stækka geymslur og fleira auk þess sem huga þyrfti að fleiri hurðum í skemmuna svo og athuga með flóttaleiðir og hljóðvist. Sveinn fór yfir teikningarnar á fundinum. Eins og fram kemur á teikningu Sveins er helstu kennistærðir þessar.

	Fyrri Tillaga:	Önnur tillaga:	Núverandi tillaga:
Grunnflötur húss	3645 m ²	3872 m ²	3926 m ²
Þar af reiðskemma			3092,1 m ²
Þar af fordyri	575,5 m ²	572,5 m ²	569,8 m ²
Geymslur undir stúku	88 m ²	0.0 m ²	0 m ²
Þar af biðrými og vélageymsla			264 m ²
Mótstjórn og tæknirými	60 m ²	60 m ²	75 m ²
Samtals	3793 m ²	3932 m ²	4000,6 m ²
Mismunur		+139 m ²	+ 207,6 m ²

- 2.2 Rætt var um aðstöðu fyrir þul eða stjórnanda sem nú er skermuð af með rými fyrir mótstjórn. Rætt um að leysa mætti yfirsýn hans að hluta með myndavélum, en umræða varð talsverð um staðsetningu þularaherbergis og sýndist sitt hverjum. Ákv samt að breyta ekki að svo stöddu.
- 2.3 Ákveðið að bæta við skýli yfir hurð á vesturgafli.
- 2.4 Reiðhurðir (Hurðir í rennu) á austur og vesturgafli séu mótordrífna og gangi upp.
- 2.5 Bætt hefur verið við tvöfaldri vængjahurð á norðurhlið.
- 2.6 Rætt var um útfærslu á varnarveggjum við vegg. Sveinn mun gera tillögu að útfærslu sem gæti verið leiðbeinandi fyrir alútboðið þá einnig með tilliti til hljóðvistar skemmunnar.
- 2.7 Rætt var um áhorfendabekki sem þurfa að vera fyrir allt að 900 manns. Útvegum bekkja og uppsetning verði í útboði, en möguleiki að taka þá út ef svo ber undir. Á Óskarsson er með umboð fyrir þá gerð palla sem Sveinn hefur hugsað í skemmuna. Fundarmenn voru ekki alskostar sáttir við fyrirkomulag á bekkjum m.a. vegna óhagræðis við að þurfa alltaf að stilla undir þá við hverja færslu og svo hitt að nauðsynlegt er að ávallt sé lágmarks aðstaða fyrir áhorfendur að fylgjast með þótt um æfingar og eða kennslu sé að ræða. Þetta þarf að skoðast betur.
- 2.8 Sveinn upplýsti að brunahönnuður væri að fara yfir teikningar með tilliti til brunahönnunar/brunavarna
- 2.9 Sveinn gerði athugasemd við að ekki væri nægilega skilgreint í alútboðsgögnum hvernig gólfefni eigi að vera, hverskonar hurðir eigi að koma í fordyrið og þess háttar. Guðni og Sveinn fara betur yfir þetta, en rætt um að á salernum og eldhúsi þurfi að vera epoxygólf með húlkíl. Á fordyri þarf að vera slitsterkt gólfefni sem sé auðþrífanlegt. Þar þarf að vera mottuþró.
- 2.10 Innréttingar í eldhús verði ekki með í útboði.
- 2.11 Rætt var um tímasetningar vegna alútboðs á reiðskemmuni og varð niðurstaðan þessi:
- | | |
|--|--------------------|
| Bréf til þjóðenda um útboðið | 14. ágúst 2012 |
| Alútboðsgögn til verktaka | 21. Ágúst 2012 |
| Opnun tilboða | 18. September 2012 |
| Yfirferð tilboða, val á verktaka og samningsgerð lokið | 9. Október 2012 |
| Reiðskemma tilbúin til notkunar | 15. September 2013 |
| Lokið við fordyri og verkinu öllu eigi síðar en | 31. Desember 2013 |

Viðhengi: Teikningar frá Sveini Ívarssyni af reiðskemmu og frá Landformi af íþróttaleikvangi

Ritað: Guðni Eiríksson